

Reglur um námsstyrki til starfsmanna Stykkishólmsbæjar

Reglur þessar gilda um þá starfsmenn Stykkishólmsbæjar sem samhliða starfi stunda fjarnám á háskólastigi á sínu starfssviði sem og þá starfsmenn sem hyggja á fjarnám til starfsréttinda á sínu starfssviði við aðrar viðurkenndar skólastofnanir.

1. gr.

Umsækjandi skal hafa verið í starfi hjá Stykkishólmsbæ í a.m.k. tvö ár á viðkomandi starfssviði.

2. gr.

Umsókn um styrk skal berast bæjarráði fyrir 1. júní. Í umsókninni skulu koma fram nákvæmar upplýsingar um fyrirhugað nám, námstíma og starfsferil umsækjanda. Ber umsækjanda að skila staðfestingu um skólavist með umsókninni eða strax og staðfesting liggur fyrir, ásamt umsögn viðkomandi yfirmanns.

3. gr.

Styrkþega er veitt leyfi frá störfum og greidd dagvinnulaun miðað við starfshlutfall þann tíma sem hann sækir staðbundið nám í viðkomandi skólastofnun og þann tíma sem hann er í starfs/vettvangsnámi.

4. gr.

Ekki er hægt að njóta þessara kjara lengur en sem nemur þeim tíma sem gefinn er upp af viðkomandi skólastofnun sem eðlileg námsframvinda, enda sé árangur með eðlilegum hætti. Upplýsingum um námsframvindu hvernar annar skal komið til viðkomandi yfirmanns.

5. gr.

Styrkþegi skuldbindur sig til að starfa hjá Stykkishólmsbæ í a.m.k. tvö ár eftir að námi lýkur og skal miðað við að starfshlutfall sé a.m.k. það sama og var á námstímanum. Hætti starfsmaður störfum hjá bænum innan áðurnefndra 2ja ára, eða ljúki hann ekki námi, hefur Stykkishólmsbær heimild til þess að krefjast endurgreiðslu á veittum styrk.

6. gr.

Fjöldi starfsmanna sem nýtur stuðnings til fjarnáms ræðst af þörf stofnana bæjarins fyrir faglært starfsfólk á viðkomandi sviði, á hverjum tíma, og áskilur bæjarráð sér rétt til að hafna umsóknum.

7. gr.

Verði verulegar breytingar á fyrirkomulagi fjarnáms skulu reglur þessar teknar til endurskoðunar.

8. gr.

Frávik frá reglum þessum eru einungis heimil með samþykki bæjarstjórnar.

**Samþykkt í bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar
25. nóvember 2003.**